

Sþ.

575. Nefndarálit

[50. mál]

um till. til þál. um athugun á stofnun bústofnslánadeildar.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Efnislega er þó full eining í nefndinni um málið, því að öllum nefndarmönnum er ljós nauðsyn þess, að bændur geti átt kost á lánum til kaupa á bústofni. Ágreiningurinn er aðeins um það, hvernig að málinu skuli unnið.

Með tillögunni er lagt til að skipa nefnd, er hafi það sérstaka hlutverk að athuga möguleika á stofnun bústofnslánadeildar við Búnaðarbankann. Síðasta búnaðarþing ræddi þetta vandamál og varð sammála um það, að rétt væri að efla veðdeild Búnaðarbankans svo, að hún gæti sinnt þessu verkefni eins og gert er ráð fyrir í lögum um veðdeildina, en ekki heppilegt að stofna sérstaka bústofnslánadeild.

Alþingi hefur nú einróma samþykkt ályktun þess efnis, að rannsókuð verði fjárþörf veðdeildar Búnaðarbankans og ráðstafanir gerðar til þess að tryggja starfsgrundvöll veðdeildarinnar með það fyrir augum, að hún geti gegnt hlutverki sínu á viðhlítandi hátt.

Meiri hl. n. er sammála þeirri skoðun búnaðarþings, að heppilegast sé að tengja bústofnslánastarfsemina við veðdeildina, og hlýtur það að koma til athugunar í sambandi við framkvæmd ályktunarinnar um veðdeildina. Væru það ekki skynsamleg vinnubrögð að skipa sérstaka nefnd til að athuga þennan þátt hins sama vandamáls.

Við leggjum því til, að tillagan verði afgreidd með svofellri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð búnaðarþing hefur einróma látið í ljós þá skoðun, að heppilegra sé til lausnar fjárþörf til bústofnslána að efla veðdeild Búnaðarbankans heldur en að stofna nýja sjóði í því skyni, og þar sem Alþingi hefur gert ályktun um ráðstafanir til þess að tryggja starfsgrundvöll veðdeildarinnar og þessi þáttur í starfsemi veðdeildarinnar hlýtur að sjálfsögðu að koma þar til athugunar, telur þingið ekki ástæðu til að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. maí 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
Jónas G. Rafnar.	Jón Árnason.	Karl Guðjónsson.